



FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpafréttir

www.bustolpi.is

apríl 2017

KORNIN

Lamm 500 kjarnfóður fyrir lömb

Síðastliðið sumar hóf Bústólpi sölu á Lamm 500 lambakjarnfóðri frá Lantmánni í Svíþjóð og voru viðtökur sauðfjárbænda afar góðar.

Með réttri samsetningu gæðapróteína og trefja í kjarnfóðri er hægt að tryggja öran og stöðugan vöxt. Kjarnfóðrið er ætlað til gjafar með meðalgóðu gröffóðri.

Lamm 500 kemur í 25 kg sekkjum.



Kjarakaup í plasti og neti


Bústólpi býður bændum plast og net fyrir heyskapinn í sumar á stórlækkuðu verði frá fyrra ári. Og við gerum enn betur því fram til 28. apríl n.k. bjóðast þessar vörur á vortilboði með 15% afslætti. Það er því um að gera að tryggja sér net og rúlluplast sem fyrst.

Líkt og í fyrra verður hægt að styrkja Krabbameinsfélagið með kaupum á rúlluplasti frá Bústólpa. Í samstarfi við Trioplast býðst bleikt eða blátt plast og renna 425 krónur af hverri seldri plastrúllu til styrktar féluginu.



Hittumst
á Facebook

Á vegg Bústólpa á Facebook birtast fróðleiksmolar og fréttir úr starfsemi okkar, fjallað er um nýjungar eða eitthvað annað áhugavert. Heimsækið okkur þar sem oftast!



Við hlið verksmiðjuhússins verða sett upp ný siló fyrir tilbúið fóður auk átta silóa fyrir hráefni. Áætlað er að framkvæmdum ljúki á haustmánuðum.

Fjárfest til framtíðar

Fyrirhugaðar eru umfangsmiklar framkvæmdir hjá Bústólpa í sumar og haust. Sett verða upp 10 ný siló fyrir fullunnið fóður og einnig verða byggð 8 stór siló til geymslu á korni. Byggt verður nýtt tækjahlús fyrir gufuketil og fleiri tæki tengd verksmiðjunni, sem hafa verið í gömlum bragga en hann vék á dögnum fyrir nýframkvæmdunum. Jafnhliða þessu mun Hafnarsamlag Norðurlands ráðast í verulegar umbætur á hafnarkantinum framan lóðar Bústólpa.

Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri Bústólpa, segir að með fjárfestingu í nýjum silóum fyrir fullunnið fóður aukist afhendingaröryggi til muna og að rekstur verksmiðjunnar verði hagkvæmari þar sem hægt verði að framleiða stærri lotur í einu.

„Með þessu móti skapast rými fyrir um viku framleiðslu sem gerir allt viðhald og hugsanleg stopp á verksmiðjunni auðveldari,“ segir hann.

Nýju hráefnissilóin átta munu rúma 2.700

tonn, en núverandi rými í korngeymslum er um 1.800 tonn. „Með þessu vinnum við tvennt, annars vegar að öryggi eykst mikið þar sem við getum lagrað meira af hráefnum fyrir framleiðsluna og svo hitt að með þessu náum við fram mikilli hagræðingu í flutningum. Stefnt er að því að Bústólpi geti tekið farm úr fulllestuðu kornskipi en í dag er kornið flutt til landsins í samstarfi við Fóðurblönduna og alltaf siglt á tvær hafnir hér heima með hvert skip. Með þessu fyrirkomulagi náum við að spara háar fjárhæðir í flutningum á korni til landsins.“

Þetta er vissulega stórt skref og stærsta einstaka fjárfesting Bústólpa til þessa, en við horfum hér til framtíðar þar sem ljóst er að þetta mun styrkja rekstur Bústólpa til lengri tíma litið. Við höfum mikla trú á framtíð landbúnaðarins og ætlum ekki að láta okkar eftir liggja að vera til reiðu og geta þjónustað bændur á sem hagkvæmasta og bestan hátt,“ segir Hólmgeir.



Gamall braggi á lóð Bústólpa var á dögnum rifinn og í stað hans koma ný fóður- og hráefnissiló.



Fjölbreytt vöruúrval í verslun Bústólpa

Allt fyrir sauðburðinn og vorverkin

„Það lifnar allt með vorinu og framundan eru skemmtilegar vikur,“ segir Ásdís Gunnlaugsdóttir sem tók við starfi verslunarstjóra Bústólpa fyrr í vetur. Ásdís hefur starfað hjá Bústólpa um árabíl og segir miklar breytingar hafa orðið á fyrirtækinu á þeim tíma, aukin umsvif á öllum sviðum, ný DeLaval-þjónusta verið byggð upp og síðast en ekki síst hafi orðið gjörbylting með nýju verslunarhúsnæði á lóð fyrirtækisins á Oddeyrartanga á Akureyri sem tekið var í notkun vorið 2015.

Margir verða hissa!

„Með auknum umsvifum hefur öll umgjörð fyrirtækisins tekið stakkaskiptum. Nýrri verslun fylgdi auknið vöruúrval en eftir sem áður erum við með mikið úrval af vörum fyrir bændur, rekstrarvörur til daglegra nota, vinnufatnað, áhöld, þvotta- og hreinsiefni og margt fleira. Með stærri verslun höfum við getað auknið vöruúrval enn frekar, t.d. gæludýrafóður og aðrar vörur sem höfða til hins almenna bæjarbúa. Sá hópur fer því stækkandi, þeir eru að uppgötva okkur og það finnst mér mjög skemmtilegt. Margir verða mjög hissa þegar þeir koma inn í verslunina,“ segir Ásdís.



Ásdís Gunnlaugsdóttir, verslunarstjóri.



Margar gagnlegar og góðar vörur fyrir sauðburðinn má fá í verslun Bústólpa.

Allt fyrir sauðburðinn og vorverkin

Sauðfjárbændur eru byrjaðir að undirbúa komandi sauðburð og hafa þeir úr ýmsum vörum að velja hjá Bústólpa sem koma að góðum notum þegar sauðburðarannir standa sem hæst.

„Í þessum vöruflokkum eins og öðrum jukum við úrvalið með nýju versluninni. Ég nefni t.d. hina vinsælu Pontus lambamjól, Lamm 500 kjarnfóður fyrir lömb, lambabrodd, túttur, pela, orkuskot fyrir lömb sem eru slöpp eftir burð, hið ómissandi burðargel og loks magaslönguna sem notuð er til að koma næringu ofan í lömb ef á þarf að halda. Sjálf hef ég notað þessar vörur í eigin sauðfjárrækt og get því

talað af reynslu,“ segir Ásdís en hún býr í Bitruggerði, norðan Akureyrar.

Af öðrum vöruflokkum sem mikið er spurt um á vortímanum nefnir hún sáðvörur og áburð. „Við erum með margar gerðir af sáðvöru eins og kál, korn og grasfræ en það getur verið breytilegt eftir árum hversu mikið fer af grasfræinu. Hafi veturinn verið slæmur og skilið eftir sig mikið kal í túnum kemur það alltaf fram í fræsölunni. Síðan tekur sumarið við og heyskapartíminn með þeim vörum sem því tilheyrja. Þannig er gangurinn hjá okkur í vörum í takti við tímabil ársins,“ segir Ásdís.



Bústólpi ehf.
Oddeyrartanga
600 Akureyri
Sími 460 3350

Umsjón fréttabréfs
Athygli ehf., Akureyri
Prentun
Litróf

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Broddmjólkur- tækið prófað á Hvanneyri

Á Hvanneyrabúinu standa nú yfir rannsóknir á broddmjólk, áhrifum hennar og mikilvægi fyrir nýfædda kálfa. Síðasta sumar færði Bústólpi búinu að gjöf Colo-Quick broddmjólkurtæki og fæst í verkefninu áhugaverð reynsla af notkun þess. Egill Gunnarsson, bústjóri á Hvanneyri, segir gagnasöfnun vegna rannsókna á broddmjólk hafa staðið frá því í haust en of snemmt sé að tala um niðurstöður.

Góður broddur alltaf tiltækur

Í Colo-Quick búnaðinum eru sérstakir frystipokar til að safna broddmjólkinni í og tækinu fylgir líka ljósbrotsmælir en með honum getur notandinn mælt gæði broddmjólkurinnar með auðveldum hætti. Á þennan hátt er hægt að safna broddi af góðum gæðum í frysti og grípa til þegar á þarf að halda. Jafnframt má alltaf tryggja með ljósbrotsmælinum að nýfæddum kálfum sé einungis gefinn broddur með nægjanlegu innihaldi af mótefnum. Með sérstöku afþýðingartæki er mjólkinn í frystipokunum þýdd upp í rétt hitastig og án þess að mikilvæg innihaldsefni í broddinum skemmist en hætta er á að mótefni aflagist við of háan hita. Hver frystipoki tekur um 4 lítra af mjólk.

„Uppþýðing tekur 15-20 mínútur eftir að tækið er búið að ná réttu hitastigi þannig að þetta ferli tekur stuttan tíma. Enda skiptir miklu máli fyrir framhaldið að nýfæddur kálfur fái góðan brodd strax á fyrstu klukkustundunum eftir burð.“

Broddur er ekki sama og broddur

„Í rannsóknarverkefninu erum við að skoða sérstaklega breytileikann í broddmjólk, tókum sýni og sendum til rannsóknar úr öllum nýbærum. Niðurstöðurnar berum við saman við mælinguna í ljósbrotskíkinum sem fylgir broddmjólkurtækinu og fáum þá um leið staðfestingu á því hve nákvæmur hann er. Verkefnið sýnir okkur að broddur er alls ekki sama og broddur – munurinn getur verið verulegur. Enn sem komið er höfum við ekki séð einhvern ákveðinn þátt sem útskýrir breytileikann en við getum samt slegið því föstu að rétt geldstaða ræður mjög miklu. Með tæki eins og þessu er hægt að tryggja að alltaf sé til staðar góður broddur til að gefa kálfunum strax eftir burð. Það er lykilatriði,“ segir Egill.



Hanna Dögg Maronsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Bústólpa, afhendir Hvanneyrabúinu ehf. broddmjólkurtækið. Með henni á myndinni eru Jóhannes Kristjánsson frá Landbúnaðarháskóla Íslands (tv.) og Egill Gunnarsson bústjóri.



Er garðurinn þinn áburðarþurfi?

TURBOKALK
GÖÐELFORSTÁRKT
TURBO KALK
með EXTRA VÁKYRKAFT
Göðuefni - Fosfór - Kalíum - Óxalátt
PERFECT GRÁSMATTEKALK!
Blákur 00 úr 1200°
MYNBT
12,5KG

PRÍFOSFAT
5kg

TRJAKORN
5kg

GRASKORN
5kg

BLÁKORN
5kg



Þjónustumenn DeLaval hjá Bústólpa. Frá vinstri: Stefán Hlynur Björgvinsson, þjónustustjóri, Ingvar Olsen og Haraldur Þór Vilhjálmsson, sem er með sína starfsstöð í Hveragerði en Stefán og Ingvar á Akureyri. Fjórði starfsmaður DeLaval-þjónustu Bústólpa er Magnús Skúlason sem staðsettur er í Borgarnesi.

DeLaval til Bústólpa

„Í byrjun DeLaval-þjónustunnar árið 2010 vorum við aðeins með þjónustu á búnaði og mjaltakerfum frá DeLaval hér á Norðurlandi, en frá 2012 höfum við einnig annast þjónustu, viðgerðir og uppsetningu á DeLaval mjaltapjónum á landsvísu. Með árunum hafa verkefni sem tengjast mjaltapjónum sífellt orðið hærra hlutfall okkar verkefna, enda fjölgar mjaltapjónum með hverju árinu sem líður,” segir Stefán Hlynur Björgvinsson, DeLaval þjónustustjóri Bústólpa.

Ráðgjöf, sala og viðhaldsþjónusta

DeLaval-þjónusta Bústólpa er viðamikil og nær allt frá ráðgjöf um skipulag fjósa yfir í uppsetningu búnaðar og viðhald.

„Ef um er að ræða nýframkvæmdir eða meiriháttar endurbætur þá byrjum við gjarnan á að fara á staðinn og ráðleggja varðandi byggingar og fyrirkomulag fjósa og gildir þá einu hvort viðkomandi bóndi ætlar að setja upp rörmjaltakerfi, mjaltabás eða mjaltapjón. Við skipulag mjaltapjónafjósa er mikilvægt að horfa strax á heildarmyndina, bæði fóðrun og mjaltir, til að sjá hvort þörf er á að stýra umferð gripanna til að ná besta árangri. Einnig þarf að hafa hliðsjón af öllum þeim reglugerðum sem í gildi eru í dag og horfa til framtíðar. Við bjóðum einnig upp á góðar lausnir fyrir eldri básafjós til að bæta aðstöðu og velferð gripa.

Við gerum tillögur að teikningum fjósbygginga, eldri sem nýrra, og skilum þeim

DeLaval á vaktinni allan sólarhringinn



DeLaval mjaltapjónn á bænum Hóli í Sæmundarhlíð í Skagafirði.

sem þrívíddarmyndum ef þess er óskað. Þegar síðan á framkvæmdastigið er komið sjáum við um uppsetningu DeLaval-búnaðarins og sé t.d. um að ræða mjaltapjóna eins og er algengast í dag þá fylgjum við uppsetningu og frágangi eftir með kennslu á búnaðinn og svo reglubundnum þjónustuskoðunum. Með öðrum orðum fylgjum við verkefni bóndans eftir allt frá hugmyndastigi yfir í framleiðslustig,” segir Stefán.

Síminn sem aldrei sefur

Þjónusta við DeLaval mjaltapjóna eigendur er opin allan sólarhringinn. Ef eitthvað bílar getur bóndinn haft samband við vaktmann og getur hann þá tengst mjaltapjóni um nettengingu og í mörgum tilfellum lagfært bilunina þannig.

„Með tilkomu mjaltapjónanna deilast mjaltir niður á allan sólarhringinn. Þess vegna má

ekki verða uppihald á mjöltum í langan tíma og mikilvægt fyrir mjaltþjóna eigendur að við getum gripið inn í og aðstoðað hvenær sólarhringsins sem er," segir Stefán.

Mjaltþjónar hagkvæmur kostur í dag

Líkt og áður hefur Bústólpi tekið við DeLaval-þjónustu við mjólkurbændur á landsvísu og er henni stýrt frá Akureyri. Af fjórum þjónustumönnum eru tveir staðsettir á Akureyri, einn í Borgarnesi og annar í Hveragerði.

„Núna er mikill nýbygginga- og framkvæmdahugur meðal mjólkurframleiðenda og þeir eru að búa sig sem best undir framtíðina. Það er mjög breytilegt hvaða leið hentar að fara. Á sumum bæjum er nýbygging besti kosturinn, en á öðrum nægjanlegt að byggja við eða breyta eldri húsum," segir Stefán og bætir við að almennt velji framleiðendur að skipta yfir í mjaltþjóna.

„Við höfum mjög góða reynslu af DeLaval mjaltþjónunum og að öllum þáttum samantöldum þá er sú leið hagstæður kostur, sér í lagi miðað við þá gengisþróun sem hefur verið að undanförmu. Sérstaða DeLaval mjaltþjónanna er mikil. Einstök hönnun mjaltarmsins gerir að verkum að hægt er að grípa



Ráðgjöf við mjólkurframleiðendur er mikilvægur hluti DeLaval-þjónustu Bústólpa og eru gerðar privíddarteikningar af hugmyndum um skipulag í fjósum, bæði þegar um nýframkvæmdir er að ræða og breytingar. Hér má sjá dæmi um slíka teikningu og er mjaltþjónn DeLaval fyrir miðju.

inn í og mjólka handvirkt eða sinna öðru sem tengist velferð gripanna t.d. júgurklippingu. Þetta þykir mörgum vera mikill kostur. Mikilvæg nýjung er svokallaðar snjallmjaltir en þá aðlagar hugbúnaður mjaltþjónsins sogskiptinn að hverri kú þannig að hlutfall sog- og hvíldarfasa er breytilegt eftir því hvað hentar

hverri kú. Hugbúnaðurinn velur einnig soghlutföll sem henta kúnni best á hverjum tíma mjaltaskeiðsins. Með þessari tækni fær kýrin betri meðhöndlun og um leið sparast mjaltatími því reynslan sýnir að mjólkurflæði í hjörðinni eykst umtalsvert," segir Stefán.



Bústólpi



LÁTTU ÞEIM LÍÐA VEL

Við seljum velferðarvörur frá DeLaval

- Legubásadýnur og milligerðir í lausagöngufjós
- Básamottur og milligerðir í básafjós
- Gúmmí á göngusvæði og í kálfastíur
- Vatnsdallar og brynningarkör
- Kúaburstar og kálfaburstar

Allar upplýsingar veittar í verslun Bústólpa



Elvar Freyr Pálsson nýráðinn sölu- og dreifingarstjóri fóðurs

Reynslan úr fóðurkeyrslunni nýtist í starfinu

„Það kemur að góðum notum að hafa keyrt fóðurbíla á sínum tíma. Ég þekki fóðurdreifinguna vel frá þeirri hliðinni,“ segir Elvar Freyr Pálsson sem tók í vetur við starfi sölu- og dreifingarstjóra fóðurs hjá Bústólpa. Hann kom til Bústólpa úr starfi þjónustufulltrúa í Landsbankanum en útskrifaðist á síðasta ári sem viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri. Í tvö sumur var hann fóðurbílstjóri hjá Bústólpa þannig að hann þekkir talsvert til fyrirtækisins.

Áhugavert að taka þátt í uppbyggingunni

„Mér finnst mjög áhugavert að taka þátt í því sem er að gerast hjá Bústólpa. Hér er stöðug þróun og uppbygging á mörgum sviðum,“ segir Elvar Freyr en til hans starfsvettvangs heyrir að skipuleggja daglega fóðurdreifinguna á þjónustuvæði Bústólpa, allt frá Vatnsdal í vestri til Berufjarðar í austri.

„Stærsti hópur viðskiptavina okkar er hér á miðsvæði Norðurlands en við keyrum út fóðri að jafnaði á þremur bílum alla virka daga. Einnig höfum fjórða bílinn tiltækan ef á þarf að halda á álagspunktum. Í sumum tilfellum getur komið upp að bændur verði fóðurlausir um helgi og þá björgum við því að sjálf-sögðu,“ segir Elvar Freyr.

Tugum tonna keyrt út daglega

Algengt er að um 50-70 tonnum af fóðri sé



Elvar Freyr Pálsson, sölu- og dreifingarstjóri fóðurs.

dreift til viðskiptavina á dag og skiptir talsverðu máli að skipuleggja ferðirnar þannig að þær nýtist sem best.

„Það er misjafnt hvernig fyrirkomulag er á þjónustunni, yfirleitt senda bændur okkur pantanir en við erum líka með nokkra viðskiptavini þar sem við vöktum lagerstöðuna hjá þeim og fyllum reglulega á,“ segir Elvar Freyr.

Sem fyrr segir fara fóðurbílar Bústólpa lengst í Berufjörð og eru það tveggja daga ferðir þar sem bílstjórinn gistir fyrir austan.

„Í þessu starfi eru mikil samskipti við viðskiptavini, sem mér finnst mjög skemmtilegt. Stærsti hópurinn er mjólkurframleiðendur en við sjáum líka vöxt í framleiðslu á nautakjöti og æ fleiri sem kjósa að auka kjarnfóðurgjöf í eldinu til að bæta kjötgæði,“ segir Elvar Freyr.

Bústólpa vörur

Úrval af girðingarefni á góðu verði

Bústólpi býður fjölbreytt úrval af girðingarefni á góðu verði. Í boði er:

- Girðingastaur, fura 50 mm 150 cm
- Girðingastaur, fura 60 mm 180 cm
- Girðingastaur, fura 70 mm 180 cm
- Girðingastaur, fura 80 mm 180 cm
- Hornstaur m/spíss 120 mm 250 cm
- Hornstaur m/spíss 120 mm 270 cm
- Girðinganet 5 strengja - Grænt 100 m x 67cm
- Girðinganet 6 strengja - Grænt 100 m x 90cm
- Girðinganet 7 strengja - Grænt 100 m x 65cm
- Girðinganet 5 strengja - Galvaniserað 100 m x 67 cm
- Girðinganet 6 strengja - Galvaniserað 100 m x 90cm
- Girðinganet 7 strengja - Galvaniserað 100 m x 65cm
- Gaddavír IOWA galv. 2,5 mm járn - 200 m
- Gaddavír MOTTO stál - 250 m
- Þanvír galv. 2,5 mm 25 kg (640 m)





Glæsilegur bílafloti

Bylting varð í fóðurbílaflota Bústólpa á síðasta ári þegar fyrirtækið fékk afhenta tvo nýja Scania G490 4x4+2 HHA bíla. Þeir eru með framdrif og búkka, hátt og lágt drif, loftpúða-fjöðrun að aftan og búnir nýrri gerð af 4100 Nm Retarder alsjálfskiptingu. Danska fyrirtækið Tarm smíðaði fóðurtanka á bílana og kom fyrir tilheyrandi búnaði til fóðurlosunar.

Hvor bíll getur tekið tólf tonn af fóðri, fulllestaður.

Hjá Tarm í Danmörku var jafnframt smíðuð aftaníkerra fyrir fóðurflutning en önnur slík er í eigu Bústólpa og var einnig endursmíðuð í fyrra. Þessar öflugu aftaníkerrur hafa reynst mikilvægar þegar farið er um langan veg til að þjónusta bændur.

Vörunýjungar

Bústólpi mun á næstu dögum hefja sölu á tveimur nýjum fóðurtegundum.

Kraftblanda – 15

er ný próteinminni sauðfjárblanda.

Hún hentar vel með góðum heyjum á fengitíma og eftir burð.

Blandan inniheldur 15% fiskimjöl og engin erfðabreytt hráefni. Hefðbundna Kraftblandan okkar er með 30% fiskimjöli. Hér er því einnig um hagstæðari kost að ræða ef ekki er þörf á meira próteini.



Hin vörunýjungin er **3 mm kálfakögglar** sem ætlaðir eru smákálfum sem verið er að venja við kjarnfóður.

Við vonum að viðskiptavinir taki þessum vörunýjungum vel.



Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Vortilboð á rúlluplasti

- **Stórlækkað verð frá fyrra ári**
- **15% afsláttur** af rúlluplasti og neti til 28. apríl
- Í ár bjóðum við til sölu **blátt** og **bleikt** rúlluplast. Í samstarfi við Trioplast renna 425 kr af hverri seldri rúllu til styrktar Krabbameinsfélagsins.



s: 460-3350 - bustolpi@bustolpi.is - bustolpi.is



Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

PREMIUM PRO-FIT

Kúafóður sem hámarkar fitu,
prótein og afurðamagn samtímis

Inniheldur ríkulegt magn af hágæða fiskimjöli

PREMIUM PRO-FIT 13 & 17

inniheldur MEGAFAT kalsíumhúðaða fitu (aðallega C:16)

- MEGAFAT stuðlar að aukinni fitu í mjólk
- MEGAFAT er mjög orkuríkt og dregur úr hættu á súrdoða og lömun
- MEGAFAT stuðlar að aukinni frjósemi

www.bustolpi.is

**PREMIUM
PRO-FIT**
er mest selda
kúafóður
Bústólpa